



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Bílamálari - bílamálun

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Automotive spray painter

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi:

- skipuleggur og skilar faglegrri vinnu við bílamálun miðað við fyrirmæli framleiðanda ökutækja og/eða framleiðendur málningar- og fylliefna og nýjustu tækni í bílamálun
- sinnir öðrum verkefnum en málun ökutækja ef um málunartækni bílamálara er að ræða
- umgengst nauðsynleg efni í bílamálun með tilliti til eiginleika þeirra og gæða
- umgengst nauðsynleg efni í bílamálun með tilliti til heilsufarslegra áhrifa
- hefur til hliðsjónar umferðarlög, fyrirmæli laga og reglugerða um hættuleg efni og vinnubrögð og um gerð og búnað ökutækja við verk sín
- fylgir kröfum um umhverfisvernd
- á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini
- getur leyst verkefni sín með aðstoð handbóka, tiltækra stoðgagna og annars efnis, til dæmis á tölvutæku formi, á íslensku og ensku
- getur skráð vinnuskýrslur og verklýsingar, meðal annars í ferilskrá ökutækis
- þekkir meginreglur sem rekstur fyrirtækja í greininni byggja á.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Starfar á bílamálningarverkstæðum eða skyldum vinnustöðum við að undirbúa bifreiðar fyrir sprautun og að sprauta þær. Rétt til starfa í bílamálun hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í bílamálun sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 32 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is